

Starfshópur um samræmd próf

Fundafrásagnir

19. júní 2018

Frásögn af kynningarfundi starfshóps um samræmd könnunarpróf

Til fundar boðaði Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, formaður starfshópsins. Lilja D. Alfreðsdóttir ráðherra stýrði fundi.

Fundinn sátu: Ásta Magnúsdóttir, Birgitta Bára Hassenstein, Eðvald Einar Stefánsson, Guðni Olgeirsson, Helgi Arnarson, Inga Úlfisdóttir, Lilja D. Alfreðsdóttir, Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir, Ómar Örn Magnússon, Selma Árnadóttir, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, Sverrir Óskarsson, Valgerður Freyja Ágústsdóttir, Valgerður Janusdóttir.

Til fundar var boðað í kjölfar skipunarbréfs ráðherra í starfshóp um samræmd próf. Tilnefningarbréf voru send út 16. apríl sl. Í hópnum eiga eftirfarandi fulltrúa: Samband íslenskra sveitarfélaga, Grunnur – félag fræðslustjóra og stjórnenda á skólaskrifstofum, Skólastjórafélag Íslands, Félag grunnskólakennara, Heimili og skóli, mennta- og menningarmálaráðuneyti og Menntamálastofnun.

Viðfangsefni starfshópsins er að gera tillögu að framtíðarstefnu um a) markmið, b) hlutverk, c) framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra könnunarprófa. Hópurinn mun skoða lagaramma um samræmt námsmat hér á landi og þróun þess frá 2008 og greina með hvaða hætti staðið er að samræmdu námsmati í skólakerfum nágrannalanda.

Á fundinum voru bæði aðalmenn og varamenn í starfshópnum boðaðir og auk þess sátu fundinn ráðherra, ráðgjafi ráðherra og ráðuneytisstjóri.

Á fundinum kom m.a. fram:

- Að vinna þessa starfshóps og niðurstöður vinnunnar væri liður í menntastefnu 2030 sem ráðherra væri að horfa til.
- Að taka þyrfti ákvörðun um það hvaða lönd verði skoðuð til að greina fyrirkomulag samræmdra prófa í nágrannalöndum okkar. Nefnd voru öll Norðurlönd, Holland og Bretland. Bent var á að einnig væri ástæða til að skoða Kanada í þessu sambandi.
- Að boðað yrði til fyrsta vinnufundar um 20. ágúst og þá væri gert ráð fyrir að samanburðargögnin lægju fyrir – eða a.m.k. drög að þeim.
- Á fyrsta vinnufundi myndu liggja fyrir gögn um lagaramma um samræmt námsmat hér á landi og þróun þess frá 2008.
- Að æskilegt væri að allir í starfshópnum hefðu vakandi auga fyrir efni sem nýst gæti sem fóður í vinnuna og kæmu því á framfæri við formann hópsins, a.m.k. þangað til búið væri að stofna vinnusvæði á vef.
- Vilji til að hafa gagnsæi í vinnunni og að leggja fram gögn á opnu svæði, þ.m.t. fundargerðir.
- Þótt í skipunarbréfi væri gert ráð fyrir að verkefni lyki í árslok 2018 má gera ráð fyrir því að umfang þess kalli á lengri tíma.
- Að gera ráð fyrir áfangaskýrslu þegar líður á vinnuna og að boða til umræðufundar um efni hennar með stórum hópi.

- Að það gæti gefið góða raun að gera ráð fyrir því í verkefnisáætlun að utanaðkomandi aðilar verði boðaðir á fundi með starfshópnum eftir því sem verkefninu vindur áfram og umfjöllunarefni gefur tilefni til.
- Að verkefnisáætlun ætti að vinna í samstarfi við hópinn.
- Að mikilvægt væri að koma að vinnunni með opnum huga og stefna að því að sátt muni ríkja um niðurstöður.
- Að það væri ekki hlutverk þessa hóps að koma með tillögur um hvernig hægt sé að laga kerfi sem e.t.v. er gallað heldur ætti hópurinn að sýna hugrekki og horfa út fyrir boxið. Hafa hag nemenda að leiðarljósi og horfa til framtíðar en ekki fortíðar.
- Að mikilvægt væri að verða sammála um raunverulegt markmið samræmdra prófa. Að mikilvægt væri að skoða hvaða upplýsingar prófin veiti í raun og veru um hæfni nemenda.
- Vilji til að vinna saman að þessu verkefni með jákvæðni í huga.

SKS/2018